

Mál nr. 10

Snæfell gegn Haukum

Kæra Snæfells Dómkröfur

Dómkröfur

Snæfellsnes fer fram á að úrslitum leiksins verði breytt og liði Snæfellsnes dæmur sigur í leiknum.

Málavextir

Í leik 5.fl kv B lið b riðli Snæfellsnes – Haukar sem fram fór fimmtudaginn 24.júlí á Grundarfjarðarvelli var markvörður úr A lið Hauka notaður sem útispirari hjá B liði Hauka. Þjálfari Hauka viðurkenndi brot sitt við þjálfara Snæfellsnes og er vitni af því Sigurjón Hilmarsson. Þjálfari Hauka viðurkennir brot sitt einnig við stjórnarmann Snæfellsnes auk foreldra.

Tilvísun

Í grein 36.2.10. kemur fram að leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) sama leikdaginn.

Röksemdir

Sami leikmaður spilaði bæði í A og B liði Hauka og það ekki leifilegt samkvæmt lögum og reglum KSÍ. Því finnst okkur eðlilegt að liði Snæfellsnes verði dæmdur sigur í leiknum.

Krafa okkar byggir á því að óheimilt er að sami leikmaður spili í A og B liði sama daginn.

Sönnunargögn

Þjálfari Hauka viðurkennir við þjálfar Snæfellsnes, stjórnarmann Snæfellsnes og foreldra Snæfellsnes að markmaður úr A lið Hauka sé útileikmaður í B liði. Þjálfari Hauka neitar dómara um að fá að sjá leikskýrslu.

Vitni

Nafn: Sirurjón Hilmarsson
Kennitala: 161267-5629
Heimilisfang: Vallholt 12 355 Snæfellsbæ

Nafn: Árni Friðjón Árnason
Kennitala: 070964-4819
Heimilisfang: Grundargata 53 350 grundarfjörður

Virðingarfyllst
Eygló Jónsdóttir

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2008, þriðjudagur 5. ágúst, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Presti Ríkharðssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 10/2008

Snæfellsnes
gegn
Haukum

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofellður

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Snæfellsnes, kt: 520290-2579
Eyrarvegur 14
Ólafsvík
Fyrirsvaramaður: Arnar Guðlaugsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Hauka, kt. 700387-2839
Pósthólf 14
220 Hafnarfjörður

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Snæfellsnes og Hauka í Íslandsmóti b riðli 5.fl. kvenna sem fram fór þann 24. júlí s.l. verði breytt og liði Snæfellsnes dæmdur sigur í leiknum.

Kærði hefur ekki skilað greinargerð vegna málsins:

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Málavextir eru skv. kæranda þeir að í leik liðanna sem fram fór á Grundarfjarðarvelli þann 24. júlí s.l. var markvörður úr A-liði Hauka notaður sem útispirari í B-liði Hauka. Þjálfari Hauka viðurkenndi brot sitt fyrir þjálfara Snæfellsnes svo og stjórnarmönnum félagsins

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Samkvæmt 36.2.10 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót getur leikmaður aðeins verið hlutgengur með einu liði sama daginn og skv. 40.gr. sömu reglugerðar telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra. Jafnframt segir í

greininni að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000,-

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Þá þykri rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,-

Samkvæmt framanrituðu tals Snæfellnes hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000 til KSÍ.

IV.

Úrskurðarorð:

Snæfellsnes telst hafa unnið leik gegn Haukum í Íslandsmóti kvenna 5. flokki B sem fram fór 24. júlí á Grundarfjarðarvelli með markatölunni 3-0. Knattspyrnudeild Hauka ber að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000 til KSÍ.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Þróstur Ríkarðsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.